

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Lífið á hverjum hnetti á að stefna að því takmarki, að geta tekið að sér stjórnina á náttúruöflum og möguleikum þess hnattar.

Helgi Pjeturss.



Iðunn með epli lífsins.

Eftir málverki danska málarans Constantin Hansen.

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Epli Iðunnar

(Sjá forsiðumynd)

Í Snorra-Eddu segir svo um Iðunni, konu Braga: „Hún varð-veitir í eski sínu epli þau, er goðin skulu á bita, þá er þau eldast, ok verða þá allir ungir, ok svá mun vera allt til ragnarökr“.

En eitt sinn lá við að illa færi, því Þjasa jötni tókst með tilstilli Loka að ræna Iðunni með epli sín, og færa hana heim til sín í Þrymheim. „En æsir urðu illa við hvarf Iðunnar, ok gerðust þeir brátt hárir ok gamlir. Þá áttu Æsir þing ok spyrir hvern annan „hvat síðast vissi til Iðunnar, en þat var sét síðast, at hon gekk út ór Ásgarði með Loka. Þá var Loki tekinn ok færðr á þingit, ok var honum heitið bana eða pislum.“

Segir síðan frá því hvernig Loka tókst að ná aftur Iðunni og eplum hennar.

Í goðsögnum Eddu er mjög sagt frá hinni sífelldu baráttu milli goða og jötna, og munaði oft litlu að goðin héldu velli, eins og sagan um epli Iðunnar sýnir ljóslega. Ekki mun þó hér vera um að ræða raunveruleg epli, heldur um lífmagnan þá er æsir nutu frá lengra komnum sambandsverum á öðrum stjörnum. Mun Iðunn hafa verið einskonar milliliður í sambandinu milli Ása og enn lífmagnaðri vera. Þetta sambandshlutverk Iðunnar mun hafa verið Ásum svo áriðandi til áframhaldandi lífs og máttar, að síst af öllu mátti verða þar misbrestur á. Svo erfið hefur orðið þessi viðureign ása við jötna (myrkurbúa sem sennilega hafa átt heima á sama hnettinum), að mjög hefur dregið úr lífafli þeirra um stundarsakir, svo að óvænlega hefur þá horft fyrir þeim. Enda var meðal þeirra Loki, sem var jötnaættar, og reyndi að vinna þeim allt það tjón er hann mátti.

Enn heldur áfram baráttan milli hinna andstæðu alheimsafla, og er mikilvægt fyrir framtíð jarðarbúa að gera sér grein fyrir hinum tveim stefnum, og hvorri skuli fylgja.

Inguar Agnarsson.

Fréttir af félagsstarfi

Úrdráttur úr fundargerðum.

Félagsfundur 6. febrúar 1974.

Almennur félagsfundur var haldinn í Stjórnusambandsstöð-
inni að Álfrólsvogi 121, miðvikudaginn 6. febrúar 1974 og hófst
hann kl. 21.00. Fundinn sátu 12 manns. Gjaldkeri setti fund-
inn í fjarveru formanns og varaformanns og stjórnaði honum.

Ritari, Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar og
var hún samþykkt athugasemdalaust. Síðan voru tekin á dag-
skrá ýmis félagsmál. Fyrst las Þorsteinn Guðjónsson bréf frá
Guðrúnu Grímsdóttur Eyjólfsson, Gimli í Kanada, en í því
talar hún mjög vinsamlega um málefni og störf Nýalssinna og
sendir jafnframt félaginu að gjöf 50 dollara, en áður hafði hún
gefið því samtals 200 dollara, auk þeirra stórgjafa sem skýrt
var frá í desemberblaði. Sagði Þorsteinn að ómetanlegur væri
sá skilningur og sá hlýhugur sem þessi Vestur-íslenska kona
sýndi félaginu. Tóku fundarmenn vel undir þau orð.

Þessu næst fór fram kosning nefndar til að stinga upp á
mönnum í næstu félagsstjórn. Þessi voru kosin einróma: Bene-
dikt Björnsson, Hulda Valdimarsdóttir, Sveinn Haraldsson.

Þá var tekin til umræðu tillaga um byggingu nýrrar stjórn-
sambandsstöðvar, sem frestað var atkvæðagreiðslu um á síð-
asta fundi. Helgi Guðlaugsson hóf umræður og sagði m. a.
eitthvað á þessa leið: Við treystum því að Nýalstefnan sigri
að lokum og því hljótum við að gera ráð fyrir að við verðum
fær um að leysa af hendi annað eins þrekvirki og bygging slíkr-
ar stöðvar er. Allt þetta mun taka langan tíma. Á þessu ári
væri staðarval nægt verkefni og að tryggja sér staðinn hjá
viðkomandi yfirvöldum. Á næsta ári yrði leitað eftir hugmynd-
um að gerð hússins, útliti þess, byggingarefni, innréttingu o. fl.
Aldrei verður hægt að virkja þann kraft og það hugvit sem í
mönnum býr, nema þeir hafi mikilvæg verkefni við að glíma

og helst svo stórkostleg að jaðri við að vera óleysanleg á liðandi stund.

Urðu miklar umræður um þetta efni og tóku þessir til máls: Pétur Gíslason, Þorsteinn Guðjónsson, Sigríður Guðmundsdóttir, Ingvar Agnarsson, Ragnar V. Sturluson, Magnús Norðdahl, Sigurður Ólafsson og Gunnar Grettisson. Töluðu sumir þessara ræðumanna oftast en einu sinni. Margt íhugavert og skemmtilegt kom fram í þessum umræðum, en of langt yrði að rekja það hér í einstökum atriðum. Sigríður Guðmundsdóttir varpaði t.d. fram þeirri hugmynd að hina nýju sambandsstöð mætti — meðan hún væri ekki fullnýtt til beinna lífssambandsstílla — einnig nota til annar starfsemi í lífstefnuátt, svo sem til heilsuræktar og lækninga. Fékk þessi hugmynd góðar undirtektir fundarmanna. Eftir langar og fróðlegar umræður lagði Pétur Gíslason til, að þar sem auðsætt væri að þetta mál yrði að ræðast og undirbúast stórum betur en hægt væri á svo fámennum fundi, skyldi afgreiðslu þess og frekari umræðum frestað þar til síðar. Var þetta samþykkt.

Síðasta mál á dagskrá fundarins var upplestur. Ragnar V. Sturluson las úr bókinni „Miðill í 40 ár“ eftir Estelle Róberts, (enskan miðil, konu sem nú er látin), kafla um líkamninga-fyrirbrigði. Í þessari frásögn kom fram að líkamningar birtust fundargestum og gáfu þeim gjafir, svonefndar „apports“ eða skiptigjafir, þ.e. hluti „að handan“ til minningar, t.d. ýmsa steina: gimsteina, ametýsta, safíra, rúbína, smaragða. Líkamningur gaf fundarmanni sex þumlunga langan lokk úr hári sínu, lokk sem fundarmaðurinn á enn. Hinir dýru steinar voru allir slípaðir. Bjalla frá Egyptalandi var einum gefin. Lifandi fugl birtist og hægt var að snerta hann og taka fjaðrir úr brjósti hans, sem rannsakaðar voru síðar. Ýmislegt fleira las Ragnar úr bókinni og var gerður góður rómur að lestri hans. Í umræðum sem á eftir fóru gat Þorsteinn Guðjónsson þess að í eigu Guðmundar Sveinbjörnssonar, klæðskera, væri silfurfesti sem komin væri frá „álfum“. Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 23.00.

Félagsfundur 6. mars 1974.

Gjaldkeri setti fundinn og stjórnaði honum. Gat hann þess að formaður væri á batavegi eftir langa sjúkdómslegu og vonir stæðu til að hann yrði kominn til fullrar heilsu innan skamms.

Bornar voru upp inntökubeiðnir tveggja nýrra félagsmanna og samþykktar. Þá las Ingvar Agnarsson fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Næst talaði Þorsteinn Guðjónsson um útgáfu bókarinnar „Lif er á öðrum stjörnum“ sem hann hafði samið fyrir félagið. Sagði hann bókina því sem næst fullbúna frá prentsmiðjunni. Rætt var um tilhögun á dreifingu bókarinnar. Upplýst var að upplag hennar væri um 7000. Þá var rætt um útgáfu „Miðgarðs“ hins væntanlega nýja tímarits félagsins, og um útbreiðslumöguleika þess. Upplýst var að 1. hefti ritsins væri væntanlegt fyrir aðalfundinn (30. mars). Ritstjóri yrði Kjartan Norðdahl. Einnig var rætt nokkuð um útgáfu Félagsblaðs Nýalssinna, sem Legið hefði niðri frá því í apríl 1973 og fram undir síðustu áramót, en síðan höfðu komið út 2 tölublöð fyrir tilstyrk Ingvars Agnarssonar og undir hans umsjá.

Þorsteinn Guðjónsson las grein um drauma, sem hann hafði samið og fengið birta í Morgunblaðinu þennan dag. Segir í greininni frá draumsýnum þar sem fram koma fleiri og hjartari stjórnur á himni heldur en sjást héðan af jörðu. Urðu umræður á eftir um drauma af þessu tagi, drauma sem benda ótvírætt til útsýnis frá öðrum hnöttum en jörðinni. Þorsteinn minntist einnig á „fljúgandi diska“ sem sáust yfir Íslandi vorið 1973 og setja mætti í samband við komu Anthony Brooks og Grete Alberts. Hefðu þessir fyrirburðir komið fram á filmu hjá Raunvísindastofnun Háskólans.

Þessu næst las Ingvar Agnarsson tvo stutta kafla úr ritum séra Jóns Steingrímssonar, um fyrirburði sem sáust á undan Skaftáreldum. Urðu nokkrar umræður um efnið og sýndist flest um frásagnir séra Jóns vera þess eðlis að um fjarsýnir væri að ræða. Töldu þó sumir ekki óhugsandi að líkamningafyrirbrigði hefðu átt sér stað í sumum þessara tilvika. Einnig kom það álit fram að þarna hefði verið um illan aðdraganda að ræða, ill sambönd, sem leiddu til eldgoss, eins hins mesta sem sögur fara af hér á landi og ölli gífurlegum fjárfelli og hungurdauða margra þúsunda manna.

Síðasti dagskrárliður var upplestur. Helgi Guðlaugsson las úr Ennýal greinina „Til hvers byggðist Ísland?“ Að lestri loknum fór hann nokkrum orðum um efni greinarinnar. Lét hann í ljós það álit sitt að hver sá sem hefði kynnst kenningum Nýals og aflað sér einhverrar þekkingar á sögu íslensku þjóðar-

innar, hlyti fyrr en seinna að komast að þeirri niðurstöðu að kenning Helga Pjeturss um sérstakan tilgang með landnámi Íslands væri ótvíráð. Talsverðar umræður tókust um efni þetta og hinar fróðlegustu. Ekki er rúm til þess að rekja þær til neinnar hlítar, en látið nægja að birta hér nokkrar setningar úr ræðum manna til þess að gefa lesendum hugmynd um efni þeirra:

Þorsteinn Guðjónsson: „Áreiðanlega er markmið með byggingu Íslands. . . . Ef hægt væri að koma hugsuninni um þjóðarhlutverk Íslendinga inn í þjóðhátíðarhugmyndirnar, myndi það verða mjög mikilvægt.“

Ingvar Agnarsson: „Sambandskilningur Nýalssinna þarf að verða virkt afl í þjóðlífi okkar. Ályktanir um ýmis þjóðmál þarf að gera á fundum okkar og birta í fjölmiðlum.“

Pétur Gíslason: „Tilgangur með byggingu Íslands var sá að varðveita sambandsneistann. Norrænir fornmenn sigldu langt í suður og langt til norðurs. Þeir skildu hnattlögum jarðar. Í Konungsskuggsjá segir bls. 64: Þeir halda Grænland svo utarlega liggja á þessari heimsins síðu, að brekkuhvelið jarðarinnar má þar minka, það er fyrir ber skin sólarinnar.“

Sveinn Haraldsson: „Einnig mætti segja að tilgangurinn með byggingu Íslands hafi verið sá, að slíkur maður sem Helgi Pjeturss skyldi koma hér fram.“

.. **Sigurður Ólafsson:** „Á árunum 800—1200 var myrkur skollíð á í Evrópu, en þá sköpuðust hér gullaldarbókmenntir.“

Að loknum þessum umræðum var fundi slitið kl. 22.45.

Frá aðalfundi 30. marz 1974.

Aðalfundur var haldinn í Stjórnusambandsstöðinni að Álfhólsvegi 121, laugardaginn 30. mars 1974 og hófst hann kl. 15. Fundarmenn voru 35. Benedikt Björnsson formaður setti fundinn og bauð menn velkomna. Minnti hann á að menn væru ekki aðeins komnir hér til aðalfundar, heldur einnig á hátíðarfund, því að næsta dag, 31. mars, væri afmæli dr. Helga Pjeturss. Síðan var flutt af seglubandi upphaf ritgerðarinnar: „Íslensk visindi og framtíð mannkynsins“ sem dr. Helgi flutti í Ríkisútvarpinu árið 1946. Hlustuðu fundarmenn hér á eigin rödd Helga Pjeturss og þótti öllum einkar vel viðeigandi og ánægjulegt á að hlýða.

Þá bar formaður fram svohljóðandi tillögu frá félagsstjórn: Aðalfundur Félags Nýalssinna, haldinn 30. mars 1974 samþykkir að Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum verði frá og með þessum degi heiðursfélagi vor. Jafnframt sendir félagið hinum aldna brautryðjanda sínum innilegustu árnáðaróskir, án þess að fara fleiri orðum um störf hans í þágu Nýalsstefnunnar, minnugt þess að: „**Hið drengilegasta verður jafnan unnið með minnstri von um sigur eða árangur.**“

Tillagan var samþykkt í einu hljóði og með þátttöku allra fundarmanna. Þá var borin upp og samþykkt inntökubeiðni nýs félagsmanns og ritari las því næst fundargerð síðasta fundar sem samþykkt var án athugasemda.

Þessu næst flutti formaður skýrslu stjórnar um störf félagsins á liðnu ári. Hann gat þess að 27 nýir félagsmenn hefðu bætst í hópinn á starfsárinu. Einnig skýrði hann frá því að stjórnin hefði skipað ýmsar starfsnefndir og væri starfstími þeirra ekki miðaður við aðeins eitt ár, eða jafnhliða hverri stjórn, heldur skyldi hver nefnd halda áfram störfum þar til hún hefði lokið því verkefni sem hún hefði tekið að sér. Að lokum sagði formaður að svo hefði verið ákveðið af félagsstjórn að hann flytti hér aðeins inngang að starfssögu fyrra árs, en síðan myndu formenn nefnda og aðrir forustumenn starfshópa flytja fyllri skýrslur um hinar einstöku starfsgreinar. Síðan hófust skýrslur nefnda og starfshópa svo og framlag annara fundarmanna í þeim umræðum

Útgáfustarfsemi. Þorsteinn Guðjónsson gerði grein fyrir útgáfu bókarinnar „Lif er á öðrum stjörnum“. Kvaðst hann hafa notið trausts við samningu bókarinnar og nefndi sérstaklega þá Benedikt og Ingvar vegna ánægjulegs samstarfs. Minntist hann nokkuð á viðhorf almennings til stefnu Nýals og framvindu vísinda nútímans. Fyrirburðafraeðin sækir á alls staðar, sagði hann. Hugsun um þessi málefni sækir á um öll lönd. Straumar tímans eru með okkur.

Kjartan Norðdahl kynnti tímaritið „Miðgarð“ sem nú hefði hafið göngu sína. Kvað hann talsverða áherslu hafa verið lagða á vandað efni og listrænt útlit, en minna skeytt um kostnað. Væri ætlunin að annað hefti kæmi út seinna á árinu og fyrst um sinn myndu koma tvö hefti á ári hverju.

Ingvar Agnarsson gerði grein fyrir „Félagsblaði Nýalssinna“ en hann hefir tekið að sér umsjón með útgáfu þess. Komin væru út tvö blöð á þessu ári og tvö önnur kæmu út innan skamms.

Söfnun ritgerða Helga Pjeturss. Benedikt Björnsson sagði frá ljósritun og söfnun ritgerða eftir Helga Pjeturss, þeirra er eigi hefðu birst í Nýölum. Hefðu þau Elsa Vilmundardóttir og Samúel Jónsson lagt í þetta mikla vinnu og samið ýtarlega skrá yfir ritgerðirnar. Stefna bæri að því að gefa ritgerðirnar út sem allra fyst. Benedikt gat þess einnig um leið að unnið væri að fleiri viðfangsefnum sem snertu málefni Nýals. Í ráði væri að gefa út bók á ensku um Nýalsfræði og væri Þorsteinn Guðjónsson byrjaður á samningu hennar samkvæmt tilmælum félagsstjórnar.

Frá tækjanefnd. Ævar Jóhannesson sagði frá tækjum sem hann hefði smíðað og segja má að séu að miklu leyti hans uppfinning, þó hann hafi að einhverju leyti stuðst við erlendar uppgötvanir á þessu sviði. Annað þessara tækja er ljósmyndavél sem getur tekið myndir af lifgeislan, hafa slíkar myndir birst áður. Hitt tækið er segulmælitæki sem m. a. getur mælt útgeislan frá lifandi fólki. — Mætti prófa tæki þetta á miðlum og myndi þá útkoman verða sérkennandi fyrir þá veru sem fram kæmi í miðlinum, því þá ættu bylgjurnar að vera aðrar en bylgjur miðilsins. Gat hann þess að ungur námsmaður, Erlendur Haraldsson, sem lagt hefði stund á fyrirburðafræði, myndi vinna að slíkum fræðum við háskólann hér.

Ljósmyndun Nýalssinna og kvikmyndagerð. Gunnar Grettisson skýrði frá því að hann hefði byrjað ljósmyndatöku af Nýalssinum og væri ætlunin að ná í myndir af sem flestum. Væri þetta liður í áætlun um að gera sem heilsteyptasta persónulýsingar af félagsmönnum, þar sem tekin yrðu sýnishorn af fingraförum, hári, blóðeinkennum o. fl. Þegar þetta væri komið vel áleiðis, yrði þetta einskonafræðisafn, sem gæti orðið að miklu gagni síðar, t. d. ef líkamningar kæmu fram á miðilsfundum og yrðu rannsakaðir vísindalega.

Benedikt Björnsson talaði um nauðsyn þess að gerðar yrðu kvikmyndir til þess að auka og auðvelda skilning fólks á kenningum Nýals. Sagðist hann hafa hugleitt nokkuð hvernig gera ætti slíkar myndir. Allar hugmyndir sem fram kæmu væru vel þegnar. Ég auglýsi hér með eftir hugmyndum, sagði hann.

Starfshópar Nýalssinna utan Reykjavíkursvæðis. Sigriður

Guðmundsdóttir tók til máls og ræddi um nauðsyn þess að komið yrði á fót starfshópum Nýalssinna í fleiri byggðarlögum en nú eru. Einn slíkur hópur væri raunar starfandi í Keflavík, þar sem hún ætti heima. Nú sem stæði væru þarna 12 manns að verki og héldi hún með þeim miðilsfundi reglulega. Slíkir hópar ættu að vera eins konar systrafélög aðalfélagsins, en eins og kunnugt er nær það yfir allt landið.

Benedikt kvað slíkar starfshópamyndanir vera ákaflega þýðingarmikið mál og bæri mjög að styðja að myndun slíkra samtaka. Miðilsstarfsemin væri stórkostlegt viðfangsefni. Sambandstilaunir væru þess eðlis að þar þyrfti að ríkja mikil samstilling og góðvild hvers til annars, og hver einstaklingur þyrfti að reyna að vanda líferni sitt af fremsta megni.

Sambönd við menn í öðrum löndum. Þorsteinn Guðjónsson talaði um sambönd Nýalssinna við erlenda menn. Pólskur maður, Jerzy Wielunski, kom hingað til landsins haustið 1972 og dvaldi hér um tíma. Hann les Nýal á íslensku. Á þessu ári fer hann í hnattleiðangur á vegum vísindastofnunar einnar í Póllandi. Tilgangurinn með ferð þessari er að rannsaka trúarbrögð manna víða um lönd og ýmsar skyldar hugmyndir. Jerzy mun hafa frjálsar hendur um tilhögun þessara rannsókna. Þetta verður því einskonar Nýalsleiðangur. — Þorsteinn kvað sér hafa verið boðið fé til Ameríkufarar á næstunni. Væri ætlun sín að hitta Íslendinga í Kanada og fara einnig til Kaliforníu, en þar væru vísindamenn í fyrirburðafraeði sem hann hefði haft bréfaskipti við. Væri mikil gróska í slíkum rannsóknum þar vestra.

Ingvar Agnarsson ræddi um bréfasambönd við Pólverjana Jerzy og Edward, sem hann kvað vera ákaflega áhugasama um Nýalsmál, og væru þeir sannir Nýalssinnar. Hann gat þess að þeir hvettu mjög eindregið til útgáfu vandaðs tímarits um Nýalsfræði á erlendu máli. Þeir bjóðast til að leggja fram verulegan hluta efnis í slíkt rit og að afla því einhverrar útbreiðslu erlendis. En prentun yrði að fara hér fram og afgreiðsla og allar fjárreiður skyldu vera á vegum Félags Nýalssinna.

Reikningar ársins 1973. Gjaldkeri las því næst reikninga félagsins fyrir liðið ár. Verða þeir birtir hér í blaðinu og er óþarft að rekja niðurstöður þeirra í þessari frásögn. Voru reikningarnir samþykktir án athugasemda. Að loknum lestri

lagði gjaldkeri til að kosin yrði sérstök húsnefnd til að sjá um viðhald húseignar félagsins. Væri óhjákvæmilegt að láta fram fara allmiklar viðgerðir og endurbætur á húsinu á næsta sumri og myndi það kosta mikið fé.

Stjórnarkjör. Þá var komið að kosningu stjórnar og lagði Hulda Valdimarsdóttir fram svohljóðandi tillögur uppástungu-nefndar:

Formaður: Ingvar Agnarsson

Varaformaður: Sveinbjörn Þorsteinsson

Gjaldkeri: Helgi Guðlaugsson

Ritari: Ragnar V. Sturluson

Meðstjórnandi: Benedikt Björnsson

Voru þessir menn allir kosnir með almennu lófataki. Aðrar uppástungur komu ekki fram.

Endurskoðendur voru kosnir:

Haukur Matthíasson og Ægir Ólafsson.

Næst voru greidd atkvæði um ýmsar tillögur sem fram höfðu komið á fundinum. Tillögu Helga Guðlaugssonar um húsnefnd var vísað til stjórnarinnar. Samþykkt var að Kjartan Norðdahl skyldi einn annast útgáfu timaritsins „Miðgarðs“ og hafa af því allan veg og vanda. Ákveðið var að þeir Benedikt og Ingvar skyldu halda áfram starfi sínu við útgáfu kynningarrita.

Þegar hér var komið var orðið nokkuð áliðið dag og lagði þá Sigurður Ólafsson til, að þar sem sýnilegt væri að ekki ynnist tími til að ljúka því nú sem fyrir fundinum lægi, þar á meðal lagabreytingum, skyldi látið staðar numið að sinni en framhaldsaðalfundur boðaður að mánuði liðnum. Var þetta samþykkt og fundi frestað kl. 17.30.

Almennur félagsfundur 3. apríl 1974.

Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn og las upp eina inntökubeiðni sem samþykkt var einróma. Fól síðan Benedikt Björnssyni að stýra fundi, en sjálfur tók hann að sér ritara-starf í forföllum Ragnars Sturlusonar sem um þessar mundir lá veikur á spítala. Fundarmenn voru 11.

Þá las fundarstjóri upp tillögu stjórnar um húsnefnd og hús-sjóð, svohljóðandi:

Fundur í Félagi Nýalssinna, 3. apríl 1974, samþykkir að fela stjórninni að skipa nefnd til þess að hafa eftirlit með húseign

félagsins og sjá um nauðsynlegt viðhald og viðgerðir. Jafnframt skal stofna sjóð, sem nefndur verði hússjóður, og hafi það hlutverk að kosta viðhald hússins svo og að fjármagna aukningu á húseignum félagsins, þegar til þess kemur. Tekna í sjóð þennan skal aflað á þann hátt að árlega verði greitt til hans úr félagssjóði fjárhæð, sem nánar verði kveðið á um síðar. Einnig verði leitað eftir frjálsum framlögum einstaklinga til sjóðsins, bæði innan félags og utan. Húsnefnd verði jafnframt stjórn hússjóðs.

Síðan ræddi Benedikt nokkuð um efni tillögunnar og rökstuddi nauðsyn sjóðs til að standa undir kostnaði vegna viðhalds og endurbóta húseignarinnar. Gjaldkeri sagði einnig nokkur orð og sagðist álíta að þurfa myndi þrjú til fjögur hundruð þúsund krónur til þess að kosta nauðsynlegar endurbætur í sumar: setja nýja vatnsvörn á þak, mála húsið að utan, girða og snyrta lóð. Lagði hann til að veittar yrðu til þess 100 þúsund krónur úr félagssjóði á árinu, en að öðru leyti aflað fjár með framlögum einstaklinga. Ef fjárhagur félagsins batnaði á næstu árum mætti hugsa sér einskona gildistryggingu félagseigna með því að kaupa fasteign. Helgi upplýsti að einn félagismaður, Pétur Gíslason, hefði nú þegar boðist til að gefa til hússjóðs kr. 100.000.00.

Formaður þakkaði Pétri Gíslasyni fyrir þessa höfðinglegu gjöf og tóku fundarmenn vel undir.

Eftir nokkrar umræður var tillagan um hússjóð og húsnefnd borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

Þá voru teknar á dagskrá tillögur stjórnar um breytingar á lögum félagsins, sem ljósritaðar höfðu verið í nokkru upplagi og útbýtt á fundinum, í því skyni að félagsmenn gætu hugleitt þær fram að framhaldsaðalfundi, en þar skyldu þær fá endanlega afgreiðslu. Var í tillögum þessum m.a. lagt til að kosnir skyldu til viðbótar 5 mönnum í aðalstjórn, tveir varamenn. Ennfremur að stuðlað skyldi að myndun svæðafélaga Nýalsinna í sem flestum byggðarlögum landsins. Ýmsar fleiri breytingar á félagslögum skyldu gerðar samkvæmt tillögum þessum. Voru þær allar kynntar á fundinum og bornar saman við þágildandi lög. Var málið þannig afgreitt til framhaldsaðalfundar.

Þá kvaddi Pétur Gíslason sér hljóðs og talaði um nauðsyn þess að hvert orð sem miðlar félagsins töluðu á sambandsfund-

um yrði hljóðritað og síðan skrásett. Urðu nokkrar umræður um þetta mál. Þessir töluðu: Ingvar Agnarsson, Benedikt Björnsson, Þorsteinn Guðjónsson, Helgi Guðlaugsson, Kjartan Norðdahl og Þórir Kristinsson. Allir töldu þetta æskilegt en sumir álitu þó að slíkt myndi reynast illkleift fyrst um sinn, sökum þess hve mikla vinnu það útheimti. Þess var getið að þetta hefði verið gert á 6 fundum á síðasta ári, en enginn myndi enn hafa lesið þær skýrslur. Einnig var á það bent að Ingvar Agnarsson hefði skrifað upp efni fjölmargra miðilsfunda og myndi eitthvað af því verða birt í Félagsblaði. Ingvar Agnarsson mælti m.a. á þessa leið: Þótt mikilvægt sé að skrásetja allt sem fram fer á miðilsfundum, þá er samt árangur af sambandsfundum fyrst og fremst fólgin í eflingu magnanar og aðstreymi æðri krafar frá lengra komnum íbúum annara stjarna.

Að lokum las Þorsteinn Guðjónsson greinina „Framhald lífsins og stjórnurnar“ úr Ennýal. Spallað var nokkra stund um efni greinarinnar að lestri loknum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23.00.

Frá framhaldsaðalfundi 1. maí 1974.

Varaformaður, Sveinbjörn Þorsteinsson setti fundinn kl. 21 og bauð menn velkomna það síðan Kjartan Norðdahl að stýra fundi. Fundarmenn voru 21.

Í upphafi fundar voru bornar upp og samþykktar inntöku- beiðnir þriggja nýrra félagsmanna. Helgi Guðlaugsson las því næst fundargerð fyrri hluta aðalfundar frá 30. mars og einnig fundargerð frá almennum félagsfundi 3. apríl. Voru báðar fundargerðirnar samþykktar.

Þá var komið að aðalefni fundarins: tillögum stjórnar og annara um breytingar á lögum félagsins, sem fyrir fundinum lágu. Voru allar framkomnar tillögur samþykktar með smávægilegum orðalagsbreytingum.

Ein af þeim lagabreytingum sem samþykktar voru, var á þá leið að kjósa skyldi 2 varamenn í félagsstjórn. Skyldi nú kjósa þá og óskaði fundarstjóri eftir tillögum um menn í þessi störf. Benedikt Björnsson stakk upp á Kjartani Norðdahl og Huldu Valdimarsdóttur. Engar aðrar uppástungur komu fram og voru þau Kjartan og Hulda því sjálfkjörin.

Þessu næst kvaddi Haukur Matthíasson sér hljóðs og flutti „Greinargerð um skrá yfir verk dr. Helga Pjeturss“ sem hann

og Elsa Vilmundardóttir hafa samið. Er ræða Hauks birt í blaðinu á öðrum stað. Þá tók til máls Kjartan Norðdahl og er ræða hans sem nefnist „Um tilverunauðsyn Félags Nýalssinna“ einnig birt í þessu blaði. Nokkrir tóku til máls að loknum ræðum þeirra Hauks og Kjartans. Þórdís Edvaldsdóttir talaði um félagsandann meðal Nýalssinna og benti á sitthvað sem hún taldi að betur mætti fara.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 23.00.

Félagsfundur 5. júní 1974.

Formaður setti fundinn kl. 21.15 og lýsti dagskrá, fól síðan Helga Guðlaugssyni að annast fundarstjórn. Gunnar Grettisson las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Kjartan Norðdahl talaði um fyrirhugaða þjóðhátíðarför Nýalssinna. Hvatti hann fundarmenn til að lýsa álitinu á ferða-áætlun, sem öllum félagsmönnum hefði verið send í bréfi, og helst að tilkynna nú þegar hvort þeir ætluðu að taka þátt í ferðalaginu. Var rætt um þetta nokkra stund og óskuðu sumir þess að brottför yrði seinkað um einn dag, þannig að lagt yrði af stað á laugardegi en ekki föstudegi, eins og áður hafði verið ákveðið. Aðeins örfáir töldu sig geta ákveðið þátttöku sína þarna á fundinum. Var málinu að lokum vísað til ferðanefndar til endanlegra ákvarðana.

Næst sagði Þorsteinn Guðjónsson frá för sinni til Ameríku, sem hann var þá nýkominn úr. Kom þar ýmislegt fróðlegt fram um rannsóknir og tilraunir vísindamanna vestanhafs, í þeim greinum sem við nefnum sambandsmál. Sem dæmi nefndi Þorsteinn að í ritum sínum og skýrslum geta þeir þess að með aðstoð miðla hafi þeir náð sambandi við vitsmunaverur á öðrum hnöttum. Margt fleira merkilegt er að gerast þar vestra og sagði Þorsteinn að í Kaliforníu verði vart við merkilega stefnu í þróun mannglegrar hugsunar, t.d. um tilgang lífsins. Einnig í byggðum Vestur-Íslendinga í Kanada er að finna hugsun sem greinilega miðar í lífstefnuátt.

Að erindi loknu hófust umræður og bornar voru fram fyrirspurnir, sem Þorsteinn svaraði. Var meðal annars minnst á hver ráð kynnu að finnast til þess að beina hugsun og starfi þessara raunvísindamanna inn á nýalskar brautir. Þorsteinn taldi þar ekki hægt um vik. Einna helst væri að reyna með sambandsfundum okkar að stilla þá til betri sambanda, svo að

örugglegar kæmi fram að um líkamlegar verur á öðrum hnöttum væri að ræða, en ekki „anda“ í „andaheimi“ þessarar jarðar eða annara.

Undir dagskrárliðnum „Önnur mál“ innti Sigurður Ólafsson eftir störfum húsnefndar. Upplýst var að efni til þakviðgerðar hefði verið keypt og biði þess eins að verða notað. Formaður sagði að auk varanlegrar viðgerðar á þaki væri ákveðið að mála húsið að utan í sumar og væntanlega yrði einnig hægt að gera lóðinni eitthvað til góða.

Næst flutti Pétur Gíslason fróðlegt erindi um heimspeki. Er ekki auðvelt að rekja efni þess í stuttu máli, enda skal það ekki reynt hér. En þess var farið á leit við Pétur að hann ritaði niður heimspekiahugleiðingar sínar og gæfi mönnum kost á að kynnst þeim betur, með því að hafa eintök af þeim til sölu í Stöðinni eða að birta þær í Félagsblaði. Gæti því svo farið að lesendur fengju bráðlega að kynnst þessum hugleiðingum hans.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 23.10.

Félagsfundur 3. júlí 1974.

Formaður, Ingvar Agnarsson setti fundinn og bauð menn velkomna, sérstaklega þó Ragnar Sturluson sem nú gat loks mætt eftir langa sjúkdómslegu. Bað hann Ragnar að taka nú við ritarastarfi sem hann hefði verið kosinn til á síðasta aðalfundi. Fól síðan Helga Guðlaugssyni að stjórna fundi. Fundarstjóri bar því næst upp inntökubeiðnir þriggja manna og voru þær samþykktar. Þá las Kjartan Norðdahl fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með smávægilegri athugasemd, sem í hana var bætt. Mættir voru 20 félagsmenn.

Þessu næst las Ingvar Agnarsson upp úr bók séra Haraldar Nielssonar „Lífið og ódauðleikinn“ frásögn um svipi framliðinna, sem hann kallar „tvífara“. Segir þar frá litháiskri kennslukonu í kvennaskóla, sem virðist hafa verið gædd óvenjumiklum sambandsmætti og átti hún til m.a. að sjást í tveim stöðum í einu. Eitt sinn t.d. er námsmeyjar komu í kennslustund sáu þær hvar kennslukonan sat í stól sínum, en samtímis sáu þær, út um glugga kennslustofunnar, hvar hún var að sýsla eitthvað úti í garði. En að vísu bærði hún ekki á sér í kennarastólnum meðan hún sást í garðinum, en þar var hún á nokkurri hreyfingu. Var því helst svo að skilja að kennslu-

konan sjálf hefði verið úti í garðinum, en líkamningur sem hafði tekið á sig gerfi hennar sæti í kennarastólnum.

Fjörugar umræður tókust um þetta efni að loknum lestri og tóku flestir fundarmenn til máls. Ingvar Agnarsson var síðastur á mælendaskrá. Sagðist hann líta svo á að vera af öðrum hnetti hefði gert þarna tilraun til að líkamnast í eigin mynd, en áhrif kennslukonunnar, sem var miðillinn, verið svo sterk, að hennar eigin mynd, sem kom fram í „tvífaranum“ hafi mátt sín meir. „Sálfarir“ bentu til sambands við sterkari verur, þó við getum ekki skýrt það fullkomlega.

Næsta mál á dagskrá var „ástand og horfur í starfi Nýalssinna“. Helgi Guðlaugsson hóf umræður. Rakti hann nokkur atriði félagsstarfsins undanfarin misseri og sagði að glögglega mætti sjá að starfsemin hefði eflst að mun og að áhrifa félagsins gætti nú í æ rikara mæli í viðhorfum almennings til kenninga Nýals, enda þótt ekki væri hægt að tala um annað en hægagang enn sem komið væri. Tók hann síðan til meðferðar frásögn af sambandsfundum Nýalssinna sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins 16. júní s.l. eftir blaðamanninn Björn V. Sigurpálsson, sem fengið hafði að sitja þennan fund sem gestur. Benti hann á hvernig blaðamanninum förlaðist skilningurinn á undirstöðuatriðum slíkra sambandstilrauna í frásögn þessari. Þá fór hann nokkrum orðum um þá talsvert útbreiddu rangtúlkun meðal almennings, að stefna Nýals sé trúarlegs eðlis. Og í því sambandi minntist hann á þann misskilning sem talsvert hefir gætt upp á síðkastið, að hugmyndafræði hins nýja Ásatrúarsafnaðar og félags Nýalssinna sé nokkurn veginn hin sama. Þetta hvort tveggja gægist fram í áðurnefndri fundarfrásögn. Svona hleypidómar væru mjög skaðlegir og bæri að vinna gegn þeim af alefli, en að sjálfsgöðu án nokkurs ofsa eða árása á aðra, heldur aðeins með ötulu fræðslustarfi og kynningu.

Síðan hófust umræður um þetta mál, ástand og horfur í starfi Nýalssinna, og tóku þessir til máls: Ingvar Agnarsson, Þorsteinn Guðjónsson, Ragnar Sturluson, Magnús Norðdahl, Kristín Sigurðardóttir og Kjartan Norðdahl. Ingvar skýrði frá því að félagið hefði nýlega haldið tvo opinbera fræðslu- og sambandsfundi, annan í Hveragerði í maímánuði, hinn í Sambandsstöðinni í Kópavogi 19. f.m. Báðir voru fundirnir vel sóttir og ágætlega heppnaðir. Á Hveragerðisfundi mættu rúmlega 100 manns en á hinum milli 80 og 90, eða eins margt og

inn komst. Ingvar flutti erindi á báðum fundunum. — Ragnar Sturluson sagði m.a.: Félag Nýalssinna getur ekki beitt sér gegn Ásatrú frekar en öðrum trúarbrögðum, því stefna Nýals er að ganga framar en öll trúarbrögð og láta þekkingu koma í staðinn. Magnús Norðdahl talaði um nauðsyn þess að reyna að gera fundarstarfsemi félagsins skemmtilegri en hún væri nú og hefði löngum verið. Spurði hvernig mönnum litist á þá hugmynd að efna til sérstakra funda t.d. einu sinni í mánuði, með sambandstilraunum svo sem í eina klukkustund, en síðan væri spallað saman yfir kaffibollum stundarkorn á eftir. Leist mörgum vel á þessa hugmynd Magnúsar.

Undir dagskrárliðnum „Önnur mál“ flutti Þórdís Edvaldsdóttir „Hugvekju um félagsstarf“ og hlaut góðar undirtektir. Einnig skýrði Kjartan Norðdahl með nokkrum orðum frá undirbúningi þjóðhátíðarferðar félagsins.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. rúmlega 23.

Almennur félagsfundur 7. ágúst 1974.

Almennur félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna í Stjornusambandsstöðinni að Álfhólsvegi 121, miðvikudaginn 7. ágúst 1974. Mættir voru 11 félagsmenn.

Formaður setti fundinn kl. 21.15 og bauð félagamönnum velkomna og bað Helga Guðlaugsson að stjórna umræðum.

Fundarstjóri gat þess að undirbúin dagskrá væri ekki vegna nýafstaðinnar ferðar félagsins, yrði því rætt almennt um félagsmál. Bað síðan ritara að lesa fundargerð síðasta fundar, sem hann og gerði. Var hún samþykkt með smá athugasemdum um orð, sem höfð voru eftir ræðumönnum.

Félagsmál:

Pjetur Gíslason tók fyrstur til máls og minntist m.a. á að tilgangur félagsins ætti ekki fyrst og fremst að vera sá að efla það, heldur að afla kenningum dr. Helga Pjeturss fylgis.

Næstur talaði Þorsteinn Guðjónsson og las upp merkilegt bréf frá Pjetri Gíslasyni.

Kjartan Norðdahl taldi rétt að birta þetta bréf í Félagisblaðinu.

Ingvar Agnarsson talaði um tilraunir, sem gerðar hefðu verið á vegum félagsins og taldi nauðsynlegt að halda þeim áfram, og benti sérstaklega á tækjabúnað þann til lífgeislamælinga,

sem Ævar Jóhannesson hefði unnið að, og þyrfti að skapa aðstöðu til þess að hagnýta þau betur. Benti hann á, í því sambandi, að útvega þyrfti hentugra húsnæði til slíkrar starfsemi, og einnig að það þyrfti að fara að huga að því að koma upp fullkomnari og stærri stjörnusambandsstöð.

Kjartan Norðdahl spurði hvort formaður væri kunnugur tækjum Ævars.

Þorsteinn Guðjónsson sagði frá heimsókn Ævars til þeirra hjónanna og lýsti hvernig þetta tæki hefði sýnt furðuleg viðbrögð. — Urðu nokkrar samræður milli fundarmanna um þetta efni.

Kjartan Norðdahl gerði fyrirspurn til formanns um hvort hægt mundi að fá borgarráð Reykjavíkur til að halda eftir óráðstafaðri lóð á holtinu austan við Golfskálahæðina.

Ingvar sagði að sér hefði dottið í hug að félagið þyrfti að fá umráð yfir allt að 30 ha. hvæði, ef hugsað væri í framtíðinni að koma upp heilsubótarstöð eins og Sigríður Guðmundsdóttir hefði stungið upp á í sambandi við fullkomnari stjörnusambandsstöð.

Kjartan benti á fordæmi sem Bahaiar hefðu fengið með lóð í Garðahreppi. — Ræddu menn um þetta fram og aftur.

Helgi G. taldi líklegt, að einhvers konar millistig milli núverandi stöðvar og hugmyndar Ingvars væri meir aðkallandi og taldi brýna þörf á að fá húsnæði niðri í Reykjavík (sem Ingvar hafði reyndar minnst á) vegna nauðsynjar á upplýsingarstöð í borginni.

Þorsteinn hvatti til stuðnings við að gera tilraunir með tæki Ævars. Ingvar taldi nauðsynlegt að gera tilraunir á vísindalegan hátt, jafnvel með háskólamönnum og gætu þá Nýals-sinnar átt kost á að kynnast niðurstöðum þeirra og birta þær.

Ragnar Sturluson tók fram stuðning sinn við hugmynd Ingvars um stærra landsvæði, en taldi einnig þörf á að athuga um Golfskálahæðina vegna hagkvæmrar legu hennar miðsvæðis í Reykjavík.

Umræður urðu um eðli fjarhrifaafrauna eins og Gellers frá Ísrael.

Steingerður Þorsteinsdóttir vakti máls á því að hitaveitan væri komin að húsinu og hvort hægt væri að tengja hana við hitakerfi þess. Helgi Guðlaugsson gaf upplýsingar þar að lútandi.

Kjartan Norðdahl lagði til að fresta frásögn af Þjóðhátíðarferðinni vegna þess hve fáir væru á fundinum.

Þorsteinn Guðjónsson sagði frá boði um helgardvöl fyrir Nýalssinna að Húsafelli þ. 20.—22. september n.k. og lagði til að Helgi Guðlaugsson yrði fararstjóri. Var það samþykkt.

Ingvar lagði til, ef flutt yrði Þjóðhátíðarferðasaga, þá yrði vandað til hennar og sýndar myndir sem hefðu verið teknar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 22.45.

Lög

Félags Nýalssinna

Samþykkt á framhaldsaðalfundi
félagsins 1. maí 1974.

1. grein

Félagið heitir „Félag Nýalssinna“ og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er að afla uppgötvunum dr. Helga Pjeturss á lífsambandi milli stjarnanna almennrar viðurkenningar.

3. grein

Innganga í félagið er öllum heimil, sem vinna vilja að markmiði þess. Inntökubeiðni skal vera skrifleg og sendist stjórn félagsins, er síðan leggur beiðnina fyrir félagsfund. Þegar félagsfundur hefur samþykkt inntökubeiðnina, er umsækjandi orðinn félagi.

4. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Einnig skulu kosnir 2 til vara: 1. og 2. varamaður. Taka þeir sæti í aðalstjórn í boðuðum forföllum aðalstjórnenda, og sjálfkrafa hafi einhverjir aðalmenn verið fjarverandi á tveim stjórnarfundum í röð, án þess að boða forföll í tæka tíð. Skulu varamenn í slíkum tilfellum gegna störfum í aðalstjórn þar til viðkomandi aðalstjórnendur hafa tjáð sig fúsa til að hefja stjórnarstörf að nýju. Auk þess er ætlast til að varamenn sitji sem flesta aðra stjórnarfundum og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund skal á félagsfundi kjósa nefnd til þess að stinga upp á mönnum í næstu stjórn, varamönnum og endurskoðendum, og skal hún leggja tillögur sínar fyrir aðalfundinn áður en kosning hefst. Einnig hafa allir full-

gildir félagsmenn, sem mættir eru á aðalfundinum tillögurétt í þessum efnunum. Komi fram tillögur um tvo eða fleiri í sömu stöður, skal kjósa skriflega milli þeirra um hvert sæti fyrir sig. Einfaldur meirihluti ræður kosningu. Enginn félagsmaður er kjörgengur til stjórnarstarfa, hafi hann ekki verið 2 ár í félaginu og virkur í starfsemi þess. Enginn má vera formaður félagsins lengur en tvö ár í senn. Stjórnin fer með framkvæmdavald félagsins milli funda.

5. grein

Félag Nýalssinna er landsfélag og geta allir í það gengið án tillits til búsetu. Þó skal reynt að stuðla að því, að í framtíðinni verði stofnuð svæðisfélög Nýalssinna í sem flestum kaupstöðum, sýslum eða landsförðungum. Verða þá slík svæðafélög sjálfstæð samtök með eigin lög og eigin fjárhag, hvert í sínu umdæmi, en leitast skal við að hafa sem nánasta samvinnu við öll slík félög og jafnvel skipulagsleg tengsl, þegar skilyrði hafa skapast til þess.

6. grein

Félagsfundir geta kosið nefndir til að framkvæma ýmsar greinar félagsstarfseminnar. Lúta þá þessar nefndir stjórn félagsins.

7. grein

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Allar samþykktir félagsfunda þurfa að hljóta 2/3 hluta atkvæða til þess að teljast gildar. Fundi skal halda þegar stjórn félagsins telur ástæðu til. Þó skal hún boða til fundar ef 5 félagsmenn krefjast þess. Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert, og skal boða til hans skriflega og með dagskrá, með hálfmánaðar fyrirvara. Hann er lögmaður, ef löglega er til hans boðað, án tillits til fundarsóknar.

8. grein

Fyrir lok hvers árs skal stjórn félagsins leggja fram tillögu á félagsfundi um upphæð félagsgjalds næsta árs. Tillögur um breytingu á félagsgjaldi teljast því aðeins samþykktar, að þær hljóti stuðning 2/3 atkvæða, að öðrum kosti verður árgjaldið hið sama næsta ár og verið hefur. Einnig aflar félagið sér fjár

með frjálsum framlögum félagsmanna og annara sem styrkja vilja starfsemi þess. Félagsgjöld hvers árs skulu greiddast á tímabilinu frá 1. jan. til 1. okt. þess sama árs. Þó skulu skuldugir félagsmenn njóta fullra réttinda allt til aðalfundar næsta árs á eftir.

9. grein

Stjórnin sér um að reikningskil séu gerð árlega og skulu þau miðast við almanaksárið. Aðalfundur kýs tvo endurskoðendur og skulu þeir yfirfara reikningana og senda stjórninni skriflegar athugasemdir sínar, ef þeir hafa einhverjar að gera. Stjórnin leggur síða nreikningana fyrir aðalfund, ásamt athugunum endurskoðenda.

10. grein

Sé félaginu slitið, eða það leggst niður, skulu eignir þess afhendast Háskóla Íslands til varðveislu, uns stofnað hefur verið félag með sömu stefnuskrá og þetta félag hefur (sbr. 2. gr.).

11. grein

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Enginn er atkvæðisbær um lagabreytingar, nema hann hafi verið að minnsta kosti tvö ár í félaginu.

Reikningar

Félags Nýalssinna

fyrir árið 1973

REKSTRARREIKNINGUR

Gjöld:

Útgáfukostnaður Félagsblaðs		12.595.00
Hitakostnaður	24.892.00	
Rafmagn	11.475.00	
Viðhald húsnæðis og áhalda	30.546.00	
Fasteignagj. v/Álfh. 121 9.568.00		
v/lands í Laugardal 520.00	10.088.00	
Brunabótaiðgjöld	9.458.00	
Simakostnaður	6.144.80	
Póstburðargjöld	6.070.00	
Auglýsingar	7.648.00	
Prentun og rífföng	3.070.00	
Vaxtagjöld	11.912.60	
Kostn. v/ fundar í Norræna húsinu	10.355.00	131.659.90
Afskriftir:		
Álfhólsv. 121 1% af 1.755.000.00 ..	17.550.00	
Innbú og áhöld 10% af 410.853.00	41.080.00	58.630.00
Tekjuafgangur		140.654.70
	Samtals kr.	343.539.60

Tekjur:

Innkomin félagsgjöld		179.200.00
Sala bóka og blaða	28.550.00	
+ birgðir 31/12 1973	10.000.00	
	38.550.00	
÷ birgðir 1/1 1973	22.780.00	15.770.00
Gjafir og áheit		148.569.60
	Samtals kr.	343.539.60

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir:

Húseignin Álfhólsvegur 121	1.755.000.00		
Afsk. 31/12 '73	17.550.00		
Afsk. áður	52.650.00	70.200.00	1.684.800.00
Innbú og áhöld		410.853.00	
Afsk. 31/12 '73	41.080.00		
Afsk. áður	110.703.00	151.783.00	259.070.00
Innstæða í sparisjóðsbók nr. 14789			66.490.00
Innstæða á giróreikningi nr. 6031			1.389.50
Innstæða á ávísanareikningi			623.50
Útistandandi v/sölu Nýals			733.970.00
Bókabirgðir			10.000.00
Bókasafn			4.027.50
		Samtals kr.	2.760.370.50

Skuldir:

Sparisjóður Reykjavíkur		40.000.00	
Inneign félagsmanna			310.000.00
Höfuðstóll	Kr. 2.242.715.80		
+ Tekjuafgangur 1973	— 140.654.70		2.383.370.50
		Samtals kr.	2.760.370.50

Höfum yfirfarið framanskráða reikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 2. mars 1974

Sigurður F. Ólafsson (sign.)

Ægir Ólafsson (sign.)

Erindi

Greinargerð um skrá yfir verk dr. Helga

Sennilegast þykir mér, að oft hafi mönnum til hugar komið að safna og gera skrá yfir greinar dr. Helga. Vísar að slíkri skrá hafa verið teknir saman og hafa þær heimildir auðvitað verið notaðar við gerð þessarar skráar, er ég ræði nú um hér.

Líklegast verður að telja að upphaf sitt eigi þessi söfnun að rekja til þess að Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur, Elsa Vilmundardóttir jarðfræðingur, Ólafur Halldórsson líffræðinemi og ég, hópur sem hittist öðru hvoru til skrafs og ráðagerða, gerðum okkur enn betur ljóst, að í nýölskum fræðum gildir sama aðferð og notuð er við aðrar rannsóknir á náttúrunni. Skilyrði þess að hægt sé að taka á þessum málum á fullkomlega vísindalegan hátt er að safna verður heimildum; gera rit-skrá, atriðisorðaskrá, safna upplýsingum um tilraunir o.s.frv. **Þetta er undirstaða allrar fræðimennsku.**

Við reyndum að dýpka skilning okkar á sögu og þróun hug-mynda dr. Helga og átta ökkur á því, hvernig kenningarnar urðu til. Elsa hóf að lesa elstu greinarnar, en komst að því fljótlega, að mikið vantaði á. Hún gerði svo skrána, sem birtist í félagsblaðinu þann 15. febrúar 1973 og óskar eftir upplýsingum um fleiri greinar. Samúel hafði samband við Elsu og kvaðst hafa allar greinar úr Lesbók Morgunblaðsins og Eimreiðinni. Hann ljósritaði þær hjá Sigurði Ólafssyni.

Samúel fór á Landsbókasafnið og komst að því, að bætt hefur verið við skrána frá árinu 1955 og skrifaði hann hana alla upp og tók síðan að leita að greinum í blöðum og tímaritum og bætti alltaf nokkrum ljósritum við í viku hverri.

Pegar hér var komið sögu, var ljóst að ekki var einungis um tómstundagaman að ræða eins og t.d. frimerkjasöfnun er mörgum, heldur sennilegan grundvöll undir frjósamt starf að Ný-alsmálum. Meðan Samúel safnaði, raðaði Elsa, gerði spjald-

skrá og las. Í maí hafði Elsa samband við Önnu Pjeturss og lánaði Anna ýmsar greinar til ljósritunar, en Ingvar Agnarsson veitti aðstöðu til ljósritunar.

Ljósritunin á Landsbókasafninu ásamt ýmsu fleiru kostaði auðvitað sitt, en nokkrir hjálpuðu upp á sakirnar. Aðallega þeir Sigurður Ólafsson, Ægir Ólafsson og Ásmundur Guðbjörns-son. Í júlí gaf Anna Pjeturss leyfi til að reyna að selja greinarnar í stöðinni. Söfnuninni var haldið áfram og í ágúst var haldinn fundur og ákveðið að stefna að því, að gefa skrána út. Við Samúel athuguðum með kaup á fjölritara. Fjölritunar-áhöldin voru keypt af Samúel D. Jónssyni, Sveinbirni Þorsteins-syni og Sigurði Ólafssyni í lok janúar 1974. Elsa vélritaði skrána upp, Sveinbjörn las prófarkir og Samúel fjölritaði og er nú að binda hana inn. Jafnhliða skránni var greinunum safnað eða ljósritum af þeim.

Nánar má lesa um skrána og heimildir að henni í skránni sjálfri, en höfundur að einni heimildinni lét ekki nafns sins getið, en ég held hann taki það ekki illa upp þó ég nefni hann hér, en það er Þorsteinn Guðjónsson.

Haukur Matthíasson.

(Flutt á félagsfundi 1. maí 1974).

Þessa fyrstu skrá um ritgerðir dr. Helga Pjeturss, aðrar en jarðfræði-
legar samdi Þorsteinn Guðjónsson, og var hún prentuð með annari útgáfu
Þónýals 1954.

Aths. ritstj. I.A.

Um tilverunauðsyn Félags Nýalssinna

Það hefur orðið mér æ ljósara með hverju árin sem líður, að til þess að ná takmarki okkar er um tvær aðalleiðir að ræða.

1) Önnur leiðin er sú að umskapa allt þjóðfélagskerfið eins og það leggur sig. Og það má glögglega sjá merki þess, að sterkur vilji í þá átt er ríkjandi meðal mikils hluta alls ungs fólks hér á landi og í öðrum löndum.

2) Hin leiðin er sú, að vinna innan marka þess þjóðskipu-
lags, sem ríkir í hverju landi, en það er mjög svipað í þeim
löndum, sem okkur eru eðlisskyldust.

Við hér höfum hingað til reynt að fara seinni leiðina, þó að ég viti ,að í okkar röðum finnast menn, sem telja að málefni okkar nái aldrei fram til sigurs, nema fyrst verði umskapað eða afnumið hið svokallaða „kerfi“. En úr því að við höfum tekið þann kost að starfa enn um hríð innan „kerfisins“, vil ég rækilega undirstrika, að þá verðum við að lúta lögmálum „kerfisins“, að ekkert málefni, hversu merkilegt sem það er, nær fram að ganga, nema stuðningsmenn þess og málsvarar bindist kerfisbundnum samtökum. Þannig, og aðeins þannig, er unnt að bera fram til sigurs ný málefni, sem til verða í aðalkerfinu. Þess vegna er F.N. nauðsynlegt og langsennilegast hinn eini rétti starfsvettvangur þeirra, er vinna að sigri nýalstefnunnar.

Mér finnst satt að segja ákaflega nauðsynlegt og gott, að þetta liggi alveg ljóst fyrir. Og þegar það liggur ljóst fyrir hverjum og einum, hvora aðalleiðina hann vill fara, þá getur hann gert upp við sig, hvort hann ætllar að starfa innan hinna kerfisbundnu samtaka nýalssinna eður ei. Og sá, sem kemst að þeirri niðurstöðu, að hann vilji starfa innan okkar kerfis, sem heitir F.N., mun fljótt komast að þeirri niðurstöðu, að einnig þar er um tvær aðalleiðir að ræða.

Virkir félagar í félaginu skiptast greinilega í tvo aðalhópa. Annar er sá, sem vill fyrst og fremst beina sókn sinni að vísindakerfinu, hérlendis og erlendis. Vill freista þess að fá afl þess í lið með sér til rannsókna á fræðum Nýals, sem leiða myndu til þeirrar viðurkenningar, sem F.N. hefur gert að markmiði sínu. Hinn hópurinn er sá, sem vill beina sókn sinni í raðir fólks almennt í landinu (og í öðrum löndum); vill freista þess að vekja það til meðvitundar um íslenska heimspeki og fá það til að sýna mátt sinn, er það gerir samtaka sambandstilraunir byggðar á grunni nýalsfræðanna, en það myndi einnig leiða til þeirrar almennu viðurkenningar lífsambands milli stjarnanna, sem F.N. hefir gert að markmiði sínu.

Báðir þessir hópar eru jafnnauðsynlegir og hvorugur hópurinn má vanmeta hinn, en við verðum að gera okkur alveg ljóst, að eigi full orka að fást úr samvinnunni verða báðir hóparnir að starfa innan hinna kerfisbundnu samtaka nýalssinna í landinu, m.ö.o. í Félagi Nýalssinna.

Kjartan Norðdahl.

(Flutt á félagsfundi 1. maí 1974).

Lesendabréf

Kafli úr bréfi frá Ameríku.

Góður guð styrki allar ykkar framkvæmdir, að því mikilsverða málefni, að hjálpa fólki til að skilja, hvar framlífið heldur áfram og hvað mikla þýðingu hefur, að verja hér lífinu ábyggilega vel og að hægt sé að fá hjálp til þess frá öðrum stjórnnum, með bæn og trausti til guðs. Ég þakka innilega góðu bréfin, sem ég fékk frá ykkur um jólaleytið, þegar ég lá á spítala í Winnipeg 1972. Það var svo vel beðið fyrir mér þar, að dóttir mín sagði, þegar hún las það: „Nú fer þér að batna“, og ég fann strax, að það hafði áhrif á mig. Mér fór dagbatnandi og ég náði þessari góðu heilsu, sem ég hef haft síðan. Ég átti 85 ára afmæli 8. janúar, núna, og hefur ekki orðið misdægurt.

Við höfum það gott hér á Betel, erum vanalega um hundrað manns. Hér er alltaf góður aðbúnaður.

Ég legg hér með 50 dali, til að styrkja ykkar félagsskap, og áður hafði ég sent 200 dali til Þorsteins, fyrir utan arfinn. (Athugasemd ritstj.: Hér er átt við 60 hektara gjöf, úr jörðinni Gröf í Laugardal, snemma árs 1973). Hvað mundi þá vera allt, sem ég hef lagt til, í íslenskum krónum?

Úr bréfi frá Guðrúnu Grímsdóttur Eyjólfsson, Betel,
Gimli, Manitoba, Kanada.

(Skrifað 22. janúar, 1974).

Sigurrós Jóhannsdóttir skrifar:

1. marz, 1974.

Þá heyrði ég þetta talað, í mín dulheyrn.

Þormóður goði talar:

Sæl þið, blessuð góðu vinir.

Ég ætla að vinna í samböndum hjá ykkur og flytja ykkur vísindi og sannarlega reynslu mína, frá mínum hnetti, sem ég

bý á, eða þeim hnöttum, sem ég og samstarfsbræður og samferðafólk starfar á. Við erum að hjálpa þeim, sem eru illa komnir, sem koma frá Jarðheimi. Þeir heimta að fara aftur, því að þeir eigi eftir margt ógert þar og láta illum látum. Væri betra að fólk athugaði sig á að undirbúa sig betur, því að allir eru kallaðir. En hvað er gjört? Lítið. Hlustið. Við sendum leiðargeisla, og lýsandi stjórnur sem berast í sólhverfum komandi tíma. Já, mannfólkið þarfnast umbóta og vantar þroska og skilning. Það þarf að gjörast bylting og ellidauðar kenningar að víkja á burt sem tefja samböndin. Við höldum hópsamkomur og sendum ykkur orku og kraft, og hljóðmerki, en þið heyrið það ekki. Þá þarf að hreinsa til og gjöra það sem bráðast, því mikið þarf að starfa. Við skynjum til ykkar og vinnum úr því í mælitækjum okkar. Konan skilur og skynjar þetta mikið vel og sér til okkar hnattar. Af því kallaði ég í samband hennar. Hún vinnur gott starf, að blanda sér ekki við þá sem hafa truflandi áhrif og vilja heldur gjöra illt en gott.

Það verður að byggja á bjargi en ekki mól eða sandi.

Við erum margir sem sendum ykkur þessi viðtöl og sendum bara samvalin orð og orkugjöf ykkur til stuðnings.

Látið vanda vel fjölskyldu- og vinasamband.

Hugleiðingar um vetrarstarf

Nú fer í hönd vetrarstarfsemi Félags Nýalssinna og vilja allir félagar leggja þar hönd á plóginn til að auka hana og bæta.

ÚTBREIÐSLUSTARF:

Stjórn félagsins álitur, að til þess að árangur af starfsemi félagsins megi verða sem bestur þurfi að efla kynningu á boðskap hinna Nýölsku fræða meðal almennings í landinu. Sú kynning gæti orðið með ýmsu móti: með opnum miðilsfundum, fræðslufundum, útgáfu og dreyfingu rita o. fl.

MIÐILSFUNDIR:

Ætlunin er að efla þá, eftir því sem við verður komið. Almennigur hefur átt svo til frjálsan aðgang að mánudagsfundum félagsins og mun svo verða áfram. — Nokkur ný miðils efni hafa vakist upp á undanförunum mánuðum. — Munu ýmsir sérhópar hafa hug á að gera miðilstilraunir, með sérstöku markmiði fyrir augum.

VÍSINDALEGAR TILRAUNIR:

Félagið vill styðja hverja þá tilraunastarfsemi, sem áhugi kann að skapast um, og sem miðar að eflingu skilnings á sambandslögmálum þeim, sem í alheimi ráða.

FRÆÐSLUFUNDIR:

Stjórn félagsins hefur hug á að stofna til nokkurra fræðslufunda fyrir almenning í vetur og fá til þess rúmgott húsnæði í Reykjavík og e.t.v. fá fræðimenn til að flytja þar erindi um ýmis efni.

ÚTGÁFA RITA:

Haldið verður áfram útgáfu tímaritsins „Miðgarður“ og óskar stjórn félagsins eftir að félagar reyni að afla því sem flestra áskrifenda.

Félagsblað Nýalssinna mun koma út eins og undanfarið og hefur það ávallt verið innifalið í félagsgjaldinu. Undanfarið hefur verið reynt að gera það betur úr garði en áður, hvað útlit snertir, en því fylgir aftur aukinn kostnaður.

Bókin „Líf er á öðrum stjörnum“, eftir Þorstein Guðjónsson. Stjórnin væntir þess að allir félagsmenn kaupi þessa bók og stuðli að útbreiðslu hennar meðal vina og kunningja.

ÁSKORUN TIL FÉLAGSMANNA:

Félagið þyrfti mjög að eflast að öllum styrk til að valda auknum tilkostnaði og aukinni starfsemi. Stjórnin heitir því á alla félagsmenn að veita henni aðstoð til að hækka félagatöluna að miklum mun og að taka sjálfir sem virkastan þátt í starfsemi félagsins.

Stjórn Félags Nýalssinna.

Félagsblað Nýalssinna

Kæru félagar.

Félagsblað Nýalssinna er ætlað sem tengiliður milli allra félagsmanna. Sendið okkur því ábendingar um eitt og annað í því sambandi. Og sendið okkur efni í blaðið, frásagnir af draumum, fyrirburðum ýmiskonar úr eigin reynslu, hugleiðingar ykkar um líf og lífsambönd, fræðandi greinar um eitt og annað, o. s. frv.

Því aðeins verður blaðið læsilegt og fjölbreytt, að nægilegt efni berist því og frá sem flestum aðilum.

Það fer svo að vísu eftir álitu ritnefndar, hvaða efni verður valið úr og tekið til birtingar hverju sinni.

Stjórn Félags Nýalssinna.

Prentvilla leiðrétt

Í júlí-hefti Félagsblaðsins nr. 41, bls. 81 stendur fyrirsögn greinar eftir Þorstein Jónsson: Upphaf og endaleysa, en á að vera **UPPHAF OG ENDALEYSI**. Þar sem þessi prentvilla breytir mjög merkingu fyrirsagnarinnar, frá því sem til var ætlast vil ég biðja menn að taka tillit til þessarar leiðréttingar.

I.A.

Rit Félags Nýalssinna

til sölu og dreifingar

Líf er á öðrum stjörnum

eftir Þorstein Guðjónsson. 68 bls. Undirstöðuatriði kenninga Nýals tengdar því, sem áunnist hefur í vísindum á síðari árum. — Verð kr. 200,00.

Miðgarður

fyrsta hefti 1974. Heimsmyndin og fleiri greinar í anda Nýals. — Verð kr. 200,00.

Félagsblað Nýalssinna

nr. 40 og 41, 1974. Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur. Ætlað til gjafa og kynningar.

Enn eru fáanleg ýms eldri hefti af Íslenzkri stefnu og Félagsblaði Nýalssinna.

Félag Nýalssinna.

Efnisyfirlit

EPLI IÐUNNAR

(Með forsiðumynd) Bls. 106

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Almennur félagsfundur 6. febr. 1974	— 107
Almennur félagsfundur 6. marz 1974	— 108
Aðalfundur Félags Nýalssinna 30. marz 1974	— 110
Útgáfustarfsemi félagsins	— 111
Söfnun ritgerða dr. Helga Pjeturss	— 112
Reikningar ársins 1973	— 113
Stjórnarkjör	— 114
Almennur félagsfundur 3. apríl 1974	— 114
Framhaldsaðalfundur 1. maí 1974	— 116
Almennur félagsfundur 5. júní 1974	— 117
För Þorsteins Guðjónssonar til Ameríku	— 117
Almennur félagsfundur 3. júlí 1974	— 118
Lög Félags Nýalssinna, frá 1. maí 1974	— 123
Reikningar Félags Nýalssinna fyrir árið 1973	— 126

ERINDI:

Greinargerð um skrá yfir ritverk dr. Helga	— 128
Um tilverunauðsyn Félags Nýalssinna	— 129

LESENDABRËF:

Kafli úr bréfi frá Ameríku (Guðrún Grímsdóttir) ..	— 131
Sigurrós Jóhannsdóttir skrifar	— 131
Hugleiðingar um vetrarstarf	— 133
Félagsblað Nýalssinna	— 134
Prentvilla leiðrétt	— 134

Stjornusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.